158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 415 — 162. mál.

Svar

mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um meðferð viðtalsbeiðna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra sett sér vinnureglur um meðferð viðtalsbeiðna?*
2. *Hefur ráðherra hafnað viðtalsbeiðni á þessu kjörtímabili og ef svo er, hversu oft og frá hvaða fjölmiðlum eða öðrum miðlum?*
3. *Hversu oft hefur ráðherra samþykkt viðtalsbeiðni á þessu kjörtímabili og frá hvaða fjölmiðlum eða öðrum miðlum?*

Leitast er við að verða við óskum fjölmiðla um viðtöl eftir því sem unnt er. Hins vegar er ekki hægt að verða við öllum viðtalsbeiðnum, m.a. vegna tímaskorts og annarra verkefna. Viðtalsbeiðnir geta borist með ýmsum samskiptaleiðum, gjarnan óformlegum leiðum, munnlega eða skriflega, til ráðherra, ráðuneytisins, aðstoðarmanna ráðherra eða upplýsingafulltrúa. Að ríkisstjórnarfundum loknum gefst fjölmiðlum jafnan færi á að ræða við ráðherra, þegar aðstæður leyfa, og fer verulegur hluti viðtala fram við það tækifæri. Fundirnir eru um 150 á kjörtímabilinu.

Í ljósi alls framangreinds liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um heildarfjölda viðtala sem hver mennta- og barnamálaráðherra hefur veitt á kjörtímabilinu eða heildarfjölda viðtalsbeiðna sem ráðherra hefur ekki orðið við og frá hvaða miðlum þær hafa borist. Það liggur þó fyrir að í einhverjum tilvikum hefur ekki verið unnt að verða við viðtalsbeiðnum, bæði beiðnum innlendra og erlendra fjölmiðla. Sérstakar reglur um meðferð viðtalsbeiðna hafa ekki verið settar, sér í lagi með hliðsjón af þeim ólíku, og gjarnan óformlegu, leiðum sem slíkar beiðnir berast.

Þess skal þó getið að fjöldi viðtala hefur verið veittur af hálfu mennta- og barnamálaráðherra á kjörtímabilinu við helstu fjölmiðla landsins auk þess sem þeir hafa tekið þátt í umræðuþáttum.

Inga Sæland hefur sem mennta- og barnamálaráðherra m.a. farið í viðtöl hjá fréttastofu RÚV, fréttastofu Sýnar og Vísi, Morgunblaðinu og Eyjunni. Hún hefur verið gestur í m.a. Kastljósi, Silfrinu, Vikulokum, Bítinu, Reykjavík síðdegis, Sprengisandi, Smartlandi, Síðdegisútvarpinu á Útvarpi Sögu og Spjallinu með Frosta Logasyni.

Guðmundur Ingi Kristinsson fór sem mennta- og barnamálaráðherra m.a. í viðtal hjá fréttastofu RÚV, fréttastofu Sýnar og Vísi, Morgunblaðinu og Eyjunni og tók þátt í umræðuþáttum, m.a. í Kastljósi og Bítinu.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir fór sem mennta- og barnamálaráðherra m.a. í viðtöl hjá fréttastofu RÚV, fréttastofu Sýnar og Vísi, Morgunblaðinu og Eyjunni. Þá tók hún þátt í umræðuþáttum, m.a. í Bítinu, Kastljósi og Söngvakeppni RÚV.